

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna vatnsveitumannvirkis við Brimnes.

Skipulagsstofnun staðfesti 17. júlí 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. maí 2025.

Í breytingunni felst að skilgreina iðnaðarsvæði 522-I fyrir inntaksmannvirki og lokahús vatnsveitu.

Málsmeðferð var óveruleg breyting á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 17. júlí 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 31. júlí 2025